

BORGARRÁÐ 9. september 2021: Framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um starfsánægjukönnun slökkviliðs- og sjúkraftlutningamanna - R21030227

Fulltrúi Flokks fólksins hefur verið með fyrirspurnir um hvað gengur á hjá Slökkviliði Höfuðborgarsvæðisins. Niðurstöðu könnunarinnar um starfsánægju komu út rauðglóandi. Hvort næst að vinna einhverja úrbótavinnu er spurning. Stundum dugar ekki annað en að skipta um menn í brúnni. Í svörum er áberandi að reynt er að gera lítið úr vanlíðan fólks og skýla sér bak við “COVID”. Talað eru um vísbendingar um vanlíðan en ekki raunverulega vanlíðan. COVID skall á fyrir einu og hálfu ári en eittrað andrúmsloft verður ekki til á einu ári heldur mörgum. Fulltrúi Flokks fólksins spyr í framhaldi: Hefur mönnum verið sagt upp störfum og hafa málaferli orðið vegna starfsloka hjá SHS?